



Fylgiskjal með samstarfssamningi AkureyrarAkademíunnar og Akureyrarbæjar dags. 16. maí. apríl  
2024

*Verklagsreglur um auglýsingu á vinnuaðstöðu skv. samningnum.*

1. AkureyrarAkademíán annast auglýsingu á vinnuaðstöðunni tvisvar sinnum á ári í nafni beggja samningsaðila. Auglýst er annars vegar í janúar/febrúar vegna fyrra úthlutunartímabils og hins vegar í júlí/ágúst vegna seinna tímabils. Umsóknarfrestur er að jafnaði þrjár vikur.. Leitast er við að auglýsa með hagkvæmum en áberandi hætti:
  - a. Auglýst er tvisvar við hvora úthlutun í staðbundnum miðlum.. Kostnaður skiptist jafnt milli samningsaðila.
  - b. Auglýst er á samfélagsmiðlum og með fréttum á heimasíðum. Hvor samningsaðila greiðir auglýsingar á sínum miðlum.
  - c. Í auglýsingu komi fram lýsing á vinnuaðstöðunni sem og þeim forsendum sem hafðar eru til hliðsjónar við val á umsækjendum sbr. 4. lið verklagsreglna.
2. Úthlutunartímabil eru tvö; frá 1. mars – 31. ágúst og 1. september – 28. febrúar.
  - a. Umsóknir um heil tímabil hafa að öðru jöfnu forgang en heimilt er að úthluta vinnuaðstöðu til skemmri tíma en sex mánaða.
  - b. AkureyrarAkademíán getur leigt vinnuaðstöðuna út tímabundið í almennri leigu ef ekki er eftirspurn eftir henni skv. forsendum samkomulagsins.
  - c. Hver umsækjandi getur að hámarki fengið úthlutað vinnuaðstöðu tvö tímabil í röð.
3. Í úthlutunarnefnd eru tveir fulltrúar frá AkureyrarAkademíunni og einn frá Akureyrarstofu. Nefndin er jafnframt samráðsvettvangur samningsaðila um hvaðeina sem ræða þarf í samstarfinu.
4. Við mat á umsóknum skal m.a. tekið mið af eftirfarandi þáttum:
  - a. Nýsköpunargildi þeirra hugmynda sem felast í því verkefni sem umsækjendur ætla að vinna að.
  - b. Að öðru jöfnu skal miða við að hugmynd og/eða viðskiptaáætlun sé í þróun og að eiginleg starfsemi sé ekki hafin. Gæta skal þess að verkefni umsækjanda sé ekki í samkeppni við starfsemi sem fyrir er á markaði.
  - c. Að verkefni umsækjanda falli vel að því starfi sem fyrir er hjá AkureyrarAkademíunni.
5. Umsóknir eru sendar til AkureyrarAkademíunnar á netfangið [akak@akak.is](mailto:akak@akak.is). Í umsókn skal umsækjandi gera grein fyrir því verkefni sem ætlunin er að vinna að, sbr. 4. liður verklagsreglna, og veita upplýsingar um bakgrunn sinn og feril.
6. Umsækjendur gera samstarfssamning við AkureyrarAkademíuna og undirgangast þar með sömu skyldur og réttindi og aðrir sem leigja þar vinnuaðstöðu.